


Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. júní 2013  
Tilvísun: UST20130500105/sk

## Aukning á framleiðslu Náttúru fiskiræktar ehf á bleikju í Þorlákshöfn - umsögn

Vísað er til erindis skipulagsstofnunar dagsett 14. maí 2013 þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum aukin framleiðsla Náttúru fiskiræktar ehf. á bleikju í Þorlákshöfn, skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Náttúra fiskirækt hefur nú 200 tonna rekstrarleyfi fyrir strandeldi á bleikju í fiskeldisstöð sinni að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn. Framleiðslugetan er töluvert meiri og áætlanir fyrirtækisins gera ráð fyrir stækkun á starfsleyfi úr 200 tonnum/ári upp í 1200 tonn.

### Framkvæmd:

Í dag er eldisrými stöðvarinnar u.þ.b. 6.500 m<sup>3</sup>, en upprunaleg hönnun frá 1986 miðar að því að endanlegt eldisrými verði um 12.000 m<sup>3</sup>. Rekstraraðili áætlar að reisa 3 eldisker sem reiknað er með að verði hringлага, um 22 metrar í þvermál og riflega 4 metra há, alls um 1500 m<sup>3</sup>. Umrædd framkvæmd er í samræmi við staðfest aðalskipulag.

Laxabraut 5 er staðsett suðvestan við byggðina í Þorlákshöfn. Lóðin liggur meðfram suðurströndinni og er yfirborð hennar sandur og hraun. Framkvæmdin er ekki í námunda við, né ógnar vermdarsvæðum, sbr. 2. tl. 3. viðauka við reglugerð 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

### Umhverfi og umhverfisáhrif:

Við eldið er nýtt ferskvatn og jarðsjór úr borholum sem þegar eru til staðar að Laxabraut 5. Nútíma tækni er beitt til að tryggja sem besta nýtingu vatns. Samkvæmt matsskýrslu er vatnið endurnýtt með svonefndum lofturum og súrefnisbætt og tekið úr því CO<sub>2</sub> í hvert sinn. Vænta má að með þessari aðferð verði frárennsli frá stöðinni að jafnaði 0,1-0,15 lítrar/mínútu fyrir hvert kg. eldisfisks.

Aukin framleiðsla hefur í með sér aukningu á vatni sem fer í fráveitu sem og heildaraukningu á úrgangsefnum sem berast frá starfseminni. Fram kemur í matsskýrslu að fráveita stöðvarinnar liggi um steyptan stokk sem nær út fyrir brimvarnargarð og er með steinsteypta vörn fyrir brimi og grjótburði sem því getur fylgt. Fráveituvatn renni síðan út á klöppina og

steypist til sjávar. Skv. matsskýrslu er staðsetning stöðvarinnar heppileg m.t.t. fráveitu, úthafsaldan á óhindraðan aðgang að klettum og að auki séu sterkir strumar til vesturs með ströndinni sem dreifa mengunarefnum frá stöðinni hratt og þynni úrgangsefni. Þá kemur fram í matsskýrslu að engra sjáanlegra mengunaráhrifa gæti vegna fráveitu og engar athugasemdir hafi verið gerðar um frárennsli frá stöðinni í eftirliti af hálfu Heilbrigðisnefndar Suðurlands. Ennfremur kemur fram í matsskýrslu að áætluð losun mengunarefna til sjávar verði undir viðmiðunarmörkum sem gefin eru upp miðað við skólp frá skólpþreinsistöðvum fyrir þéttbýli.

Það er mat Umhverfisstofnunar að aukið magn mengunarefna í fráveituvatni komi líklega ekki til með að hafa umtalsverð áhrif á nánasta umhverfi. Hins vegar þurfi að fylgjast með fráveitu og umhverfi hennar með reglubundnum hætti og setja skilyrði um losunarmörk í fráveituvatni. Ennfremur þurfi að viðhalda þeiri hönnun sem hindrar að umframfóður, og dauður fiskur komist í frárennsli frá stöðinni, eins og lýst er í matsskýrslu.

### Mótvægisaðgerðir og vöktun

Umhverfisstofnun telur að vakta þurfi fráveituvatn með reglubundnum hætti og mun setja fram kröfur þar um í væntanlegu starfsleyfi fyrir stöðina. Umhverfisstofnun mun einnig viðgerð starfsleyfis skoða nánar frágang frárennslisins.

Stofnunin minnir einnig á að skv. 2. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, segir að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skuli veita minnst 5 m niður fyrir stórstraumsfjöruborð eða 20 m út frá meðalstórrstraumsmörkum enda séu skilyrðin í 6. og 10. gr. reglugerðarinnar uppfyllt. Þegar landfræðilegar aðstæður gera það hins vegar ókleift að uppfylla ákvæði þessi er heimilt skv. 7. tl. sömu greinar að beita óðrum lausnum sem heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi. Áður en nefndin tekur ákvörðun sína þar um skal hún leita umsagnar Umhverfisstofnunar.

### Niðurstaða:

Í ljósi ofangreindrar umfjöllunar er það mat Umhverfisstofnunar að stækkan rekstrarleyfis Náttúru fiskiræktar ehf, sem staðsett er að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Þá er minnt á að fráveita starfseminnar skal uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 789/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst

  
Sigríður Kristjánsdóttir  
teymisstjóri

  
Ásgeir Björnsson  
sérfræðingur